

hann vill fara í málssókn til að leita réttar þess, er hann telur sig eiga; en ef hann afræður þetta, getur hann væntzt eptir að fá gjafsókn í héraði, þegar hann fer þess á leit á tilhlýðilegan hátt.

1860.
29. maí.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bætur fyrir nokkra forustusauði úr Borgarfjarðar sýslu.

31. maí.

Eptir tilhlutun dómsmálastjórnarinnar hafið þér, herra amtmaður, í bréfi 10. desemberm. f. á. látið í ljósi álit yðar um ágreining nokkurn milli yðar og stiptamtmannsins yfir Íslandi um það, hvort þér hafið haft næga ástæðu til að færast undan að greiða úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins 44 rdl. 32 skildinga, eður þriðjung skaðabóta þeirra, er gjalda átti samkvæmt ákvörðun amtmannanna 11. júním. 1857 fyrir niðurskurð á nokkrum forustusauðum í Borgarfjarðar sýslu.

Um þetta mál sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmdar, að eptir upplýsingum þeim, sem nú eru fengnar um atvik málsins, verður dómsmálastjórnin að álíta, að þér hafið ástæðulaust færzt undan að endurgjalda jafnaðarsjóði suðurumdæmisins fè það, sem hér er um rætt, úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins; og vonast því stjórnin eptir, að fè þetta verði endurgoldið svo fljótt sem verða má.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um umboðslaun af þingeyra klaustri.

31. maí.

Með því það hefir þótt vafasamt, hvernig ákveða skyldi þann helming af umboðslaununum af þingeyra klaustri, sem R. Olsen umboðsmanni, er var undan þeginn því að hafa á hendi umboðssýslu þessa, bar eptir bréfi dómsmálastjórnar-